

REGLUR

um endurgreiðslu söluskatts af iðgjöldum af ábyrgðartryggingu bifreiða í eigu fatlaðra.

1. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt reglum þessum tekur til lögboðinnar skyldutryggingar á bifreiðum eins þær eru skilgreindar í 4. mgr. 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og framrúðutryggingar.

2. gr.

Rétt til endurgreiðslu eiga þessir:

1. Örorkulífeyrisþegar (75% örorkumat eða meira).
2. Örorkustyrkþegar lífeyristrygginga og slysatryggingar (50 – 74% örorkumat).
3. Foreldrar barna, sem njóta barnaörorkustyrkja samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.
4. Foreldrar barna, sem njóta greiðslna samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Ellilífeyrisþegar, sem fallið hafa undir skilgreiningu 1. og 2. töluliðar 1. mgr., áður en þeir urðu ellilífeyrisþegar (örorkulífeyrisþegar eða örorkustyrkþegar), skulu einnig eiga rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum.

3. gr.

Því aðeins kemur til endurgreiðslu að hlutaðeigandi njóti bótagreiðslna í upphafi váttryggingartímabils bifreiðar. Endurgreiðsla miðast við eins árs tryggingartímabil og tekur til einnar bifreiðar í eigu hins fatlaða eða fjölskyldu hans.

4. gr.

Umsóknir um endurgreiðslu skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem Tryggingastofnun ríkisins lætur í té. Með umsókn skulu fylgja kvittanir tryggingafélags fyrir greiðslu ábyrgðartryggingar.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins annast endurgreiðslu og metur hvort skilyrði séu fyrir hendi.

5. gr.

Ríkisféhirdir endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins útlagt fé svo og annan kostnað sem stofnunin hefur af framkvæmdinni. Uppgjör skal fara fram mánaðarlega fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörsmánaðar.

6. gr.

Reglur þessar sem eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1988, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið varðandi greiðsluhlutverk Tryggingastofnunar ríkisins, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 423/1988 um sama efni og reglur þessar.

Fjármálaráðuneytinu, 6. júlí 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ásmundur Vilhjálmsson.